



Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 22. september 2020
Tilv.: UMH20040040/8.11

Ráðuneytinu barst meðfylgjandi erindi frá Mosfellsbæ, dags. 3. apríl sl., varðandi mögulegar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum. Í erindinu er þess farið á leit að ráðuneytið kanni möguleikann á því að Heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis verði lagt niður í núverandi mynd og að heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Sambærilegt erindi barst frá Seltjarnarnessbæ, dags. 5. maí sl., með ósk um að heilbrigðiseftirlit fyrir Seltjarnarnesbæ sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis eða að gerðar verði aðrar breytingar þannig að Seltjarnarnesbær verði ekki lengur hluti af Kjósarsvæði. Erindið er meðfylgjandi.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Landinu er skv. 1. mgr. 45. gr. laganna skipt í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Ráðherra getur skv. 3. mgr. 45. gr. að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar kveðið á um sameiningu eftirlitssvæða í reglugerð. Samkvæmt 10. tölul. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 er starfssvæði Kjósarsvæðis Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis um framangreind erindi Mosfellsbæjar og Seltjarnarnessbæjar og barst meðfylgjandi umsögn nefndarinnar með bréfi dags. 20. maí sl. Ráðuneytið óskaði jafnframt eftir umsögn Umhverfisstofnunar um erindin og barst umsögn stofnunarinnar með bréfi dags. 22. maí sl. Ráðuneytið upplýsti Samband íslenskra sveitarfélaga um málið með tölvupósti hinn 8. maí sl. og óskaði jafnframt eftir afstöðu Kjósarhrepps sem bókaði á fundi hreppsnefndar 14. maí sl. að hreppsnefndin tæki ekki afstöðu til málsins.

Hér með er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins um ósk Mosfellsbæjar og Seltjarnarnessbæjar um að sveitarfélögunum verði bætt við starfssvæði heilbrigðiseftirlitssvæðis Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Í framhaldi af afstöðu sveitarfélagsins stefnir ráðuneytið á að funda með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar, Kópavogsbæjar og Garðabæjar til að fara yfir málið.

Óskað er eftir því að afstaða sveitarfélagsins berist eigi síðar en 6. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

Afrit:
Samband íslenskra sveitarfélaga
Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Samrit: Hafnarfjarðarkaupsstaður og Kópavogsbær